

Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á sveitastjórnarfundi nr. 240, dags: 7. desember 2023



Dalabyggð

- Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 657 íbúar mv. 2. desember sl. og hefur fjölgað um 4 íbúa þar með frá því 1. janúar sl. en skv. Hagstofu Íslands voru þeir 653 þann dag. Íbúatalan hefur verið aðeins rokkandi upp og niður á árinu, var lægst 653 og hæst 666 þannig að það er aðeins teygni í þessum efnum sem öðrum.
- Vinna við fjárhags- og framkvæmdaáætlunargerð fyrir árin 2024 til 2027 hefur tekið sinn toll af vinnu ýmissa starfsmanna Dalabyggðar að undanförunu sem og nefnda og ráða. Afrakstur þeirrar vinnu var afgreiddur hér fyrr á fundinum og vil ég þakka öllum þeim sem komu að vinnunni kærlega fyrir. Einnig vil ég þakka þeim sem komu á kynningarfundina sem haldnir voru á Nýsköpunarsetrinu kærlega fyrir komuna og gott samtal um málefni sveitarfélagsins, rekstur og horfur.



- Undirritaður átti fund með Minjastofnun Íslands og Minjavernd vegna Ólafsdals og deiliskipulags þann 31. október sl. Rætt var um ýmsa þætti sem viðkoma uppbyggingu í Ólafsdal og þess hve mikilvægt er að gott samtal og góð samskipti séu á milli þeirra sem koma að málum þessa mikilvæga svæðis. Undirritaður hefur óskað eftir fundi með fulltrúum Ólafsdalsfélagsins til þess að ræða málin þannig að allir séu upplýstir um þær hugmyndir sem uppi eru varðandi svæðið.
- Sveitarstjórn Dalabyggðar, ásamt undirrituðum og staðgengli mínum, sótti þann 10. nóvember sl. fund sem haldinn var á Hólmavík þar sem fulltrúar þeirra 5 sveitarfélaga sem eiga með sér samstarf um skipulags- og byggingarmál, þrjú þeirra eru með samstarf varðandi brunavarnir, funduðu um sameiginleg samstarfsverkefni og hagsmunamál. Fundurinn var á margan hátt ágætur og voru samstarfsfletir ræddir vítt og breitt og voru fundarmenn ásáttir um að leitast við að viðhalda góðu samstarfi áfram í þeim þáttum sem um ræðir.





- Fundir framkvæmdastjóra sveitarfélaga með forystu Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna jarðhræringa og afleiðinga þeirra á Grindavík voru haldnir í kjölfar þess að Grindavík var rýmd. Eins og verkefnið sem við Grindvíkingum blasir er átakanlegt þá var gott að finna allan þann samhug sem einkenndi fund okkar fulltrúa á sveitarstjórnarstiginu. Vil ég hér senda hlýjar kveðjur til handa Grindvíkingum öllum með ósk um gott gengi á komandi tímum.
- Undirritaður fundaði með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þann 14. nóvember sl. þar sem rætt var um fyrirbyggjandi tillögu að Samgönguáætlun sem verður til umræðu í þinginu á komandi dögum. Það er mikið áhyggjuefni fyrir okkur Vestlendinga alla hve lágt fjármagn er skammtað til landshlutans á næstu árum og komum við okkar sjónarmiðum á framfæri auk þess sem ég minnti á þá vegi sem við í Dalabyggð höfum og munum þrýsta á um vegabætur á.



- Undirritaður ásamt verkefnastjóra atvinnumála og formanni atvinnumálanefndar sótti fund sem haldinn var í Borgarnesi þann 14. nóvember sl. á vegum HMS og Byggðarstofnunar þar sem umræðuefnið var uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landinu.
- Þriðjudaginn 14. nóvember var haldinn íbúafundur í Dalabyggð vegna verkefnisins DalaAuðs. Íbúafundurinn var vel heppnaður og voru ýmis mál rædd, meðal annars mikilvægi þess að haldið verði áfram uppbyggingu innviða enda samgöngumálin eitt brýnasta verkefnið í Dalabyggð. Rætt var um nýja möguleika varðandi dagvöruverslun á svæðinu, lagðar fram tillögur um félags- og menningarstarf ásamt því að málefni eldri borgara og skólamálin voru rædd. Það var gott og gaman að finna þann samhljóm og vilja til verka sem einkenndi fundinn sem er akkúrat það sem DalaAuður gengur út á í hnotskurn.
- Undirritaður átti fund með forstöðumanni Vegagerðarinnar á Vesturlandi þann 15. nóvember sl. Rætt um var um þau verkefni sem eru fram undan, bæði nýframkvæmdir sem og mjög svo aðkallandi viðhaldsverkefni.



- Miðvikudaginn 15. nóvember stóð atvinnumálanefnd Dalabyggðar fyrir kaffisþjalli í Nýsköpunarsetrinu. Tilgangur með kaffisþjalli er að fólk komi og ræði saman um ákveðin þema án þess að eiginleg fundarstjórn sé í gangi eða eitthvað eitt afmarkað málefni sé á dagskrá. Þannig var allt starfssvið atvinnumálanefndar til umræðu og nefndarmenn svöruðu einnig spurningum sem komu upp. Það sem kom m.a. upp í umræðum voru vegamál, dagvöruverslanir, landbúnaður, eldsneytissala, eftirlitsgeirinn, matvælaframleiðsla, ferðaþjónusta og frekari uppbygging.
- Þann 17. nóvember sl. var undirritaður samningur um rekstur tjaldsvæðisins í Búðardal þannig að nú er það staðfest að Dalahestar ehf. haldi áfram þeim rekstri eins og undanfarin ár.
- Einnig var undirritaður fyrir stuttu samningur varðandi rekstur Vínlandssetursins í Búðardal og er sá samningur við Vínlandssetrið ehf. til eins árs að sinni.



- Fundur með ferðapjónum í Dalabyggð var haldinn þann 23. nóvember að Laugum í Sælingsdal. Góð mæting var og mjög góðar umræður um stöðuna hér í Dölum og hvernig sumarið í ár var og hvernig horfur eru fyrir komandi ár. Þetta er dýrmætur umræðuvettvangur sem hefur skapast með þessum fundum og vonandi að sá góði andi sem einkennir samtalið og samvinnuna haldist áfram innan raða greinarinnar í Dalabyggð.
- Fundur Almannaþingarnefndar Vesturlands var haldinn þann 24. nóvember sl. Undirritaður er formaður þeirrar nefndar. Nú er unnið að úttekt á málaflokknum og skipulagi á landsvísu og er að mínu mati ekki vanþörf á og mikilvægt er að það verði skerpt á því hvernig á þessum málum sé haldi í framtíðinni.



- Opið hús var í Miðskógi hér í Dalabyggð þann 24. nóvember þar sem nýtt og veglegt kjúklingaeldishús var vígt. Það er afar jákvætt að fá inn nýja atvinnugrein ef svo má segja hér í Dalina og ánægjulegt að finna þann hug og væntingar sem forsvarsmenn Reykjarðs bera til starfseminnar í Miðskógi því við þetta sama tækifæri var undirrituð viljayfirlýsing um aðra eins uppbyggingu á næsta ári og nú hefur verið byggð upp. Til hamingju ábúendur í Miðskógi og Reykjarður.



- Þann 23. nóvember var fyrsti fundur starfshóps sem umhverfis-, orku og loftslagsmálaráðherra skipaði og fjalla á um málefni tengd Dalabyggð sem snerta hlutverk þess ráðuneytis og hvaða sóknarfæri eru til staðar í Dalabyggð, spennandi verkefni þar á ferð.
- Fulltrúar frá Dalabyggð fóru í heimsókn í þjóðgarðinn á Snæfellsnesi þann 28. nóvember sl. og í för slógust fulltrúar í starfshópi á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem nefndur er á undan. Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, tók á móti hópnum í þjóðgarðamiðstöðinni á Hellissandi og fræddi okkur um þau miklu og glóðu áhrif sem stofnun þjóðgarðs hefur haft á alla uppbyggingu í og við þjóðgarðinn. Það er rétt að þakka Kristni hér fyrir höfðinglegar móttökur.



- Undirritaður ásamt verkefnastjóra DalaAuðs sat fund með stjórn og framkvæmdastjóra SSV að Laugum í Sælingsdal þann 29. nóvember sl. Umræðuefnið var staða ýmissa mála í Dalabyggð og ekki síður yfirferð á þeim stóru og mikilvægu málum sem við í Dalabyggð erum í samstarfi við SSV um og má þar nefna DalaAuð/Brotthætt byggð, innviðaverkefni, samstarf varðandi almenningssamgöngur og úttekt á stöðu sauðfjárbúa. Við getum verið mjög sátt við öll samskipti við okkar öfluglu landshlutasamtök hér á Vesturlandi og að því samstarfi þarf að hlúa áfram.



Á 239. fundi sveitarstjórnar var bókað að komið væri tilboð frá Leigufélaginu Bríeti ehf. í eignir sveitarfélagsins við Stekkjarhvamm og Gunnarsbraut gegn yfirtöku á eignum og skuldum Dalabyggðar og eignarhlut í Leigufélaginu Bríeti ehf. Leigufélagið Bríet starfar með það að langtímamarkmiði að stuðla að nýsköpun og uppbyggingu íbúðahúsnaðis á þeim svæðum á landsbyggðinni þar sem þess er þörf, m.a. með áherslu á rekstur og útleigu íbúða til lengri tíma.

Þann 30. nóvember sl. undirritaður samningur þess efnis að íbúðir sem nú eru í eigu Dalabyggðar verði færðar yfir til Leigufélagsins Bríetar gegn hlutfé (1,54%) sem nemur andvirði íbúðanna að frádregnum skuldum. Einnig var við sama tilefni undirrituð viljayfirlýsing Dalabyggðar og Leigufélagsins Bríetar þar sem aðilar lýsa sig tilbúna til að kosta og tryggja annars vegar að Bríet auglýsi eftir byggingaraðilum til samstarfs vegna kaupa Bríetar á allt að tveimur íbúðum úr nýbyggingum, þar sem byggingaraðilum ber að skila inn byggingaráformum og tilboðum til félagsins fyrir lok maí 2024 og hins vegar að Dalabyggð tryggi aðgengi að hagkvæmum lóðum vegna þeirrar íbúðauppbýggingar sem fyrirhuguð er. Viljayfirlýsingin gildir til ársloka 2024 og falla þá allar skuldbindingar niður ef samningum verður ekki náð í samræmi við markmið.



- Kveikt var á jólatrjám við Silfurtún og Auðarskóla fimmtudaginn 30. desember við skemmtilega athöfn sem hófst við Silfurtún þar sem gengið var í kringum jólatréð þar fyrir utan við og síðan gengið fylktu liði þar sem jólasveinar slógust í hópinn yfir að Auðarskóla þar sem var í kjölfarið kveikt á ljósunum á því jólatré. Skátarnir okkar í Skátafélaginu Stíganda höfðu veg og vanda að þessum hluta stundarinnar en í kjölfarið tók við kaffihúsakvöld á vegum Auðarskóla í Dalabúð þar sem var húsfullir og gestir gæddu sér á heitu kakói og góðgæti undir skemmtiatriðum frá nemendum.




- Undirritaður átti fund með nýjum eiganda að Staðarfelli þann 1. desember sl. og var fróðlegt að heyra um þau áform sem nýir eigendur eru með varðandi endurbætur og starfsemi á þessum sögufræga stað hér í Dalabyggð. Sami aðili er nú að ganga frá kaupum á félagshöfnuninni að Staðarfelli einnig og er fyrirhuguð undirskrift á kaupsamningi föstudaginn 8. desember n.k.
- Fundur var haldinn með Byggðastofnun og stjórn Fjárfestingafélagsins Hvamms þann 4. desember þar sem farið var yfir málefni tengd félaginu og eins þá lánamöguleika sem til staðar eru og í undirbúningi hjá Byggðarstofnun.

- Fundað var vegna málefna eldri borgara í Dalabyggð þann 6. desember sl. þar sem sátu fulltrúar frá Félagi eldri borgara, frá HVE og frá Dalabyggð þeir sem koma að málefnum þess hóps sem um ræðir. Sama dag var undirritaður samningur á milli Félags eldri borgara og Dalabyggðar um stuðning sveitarfélagsins við félagið næstu ár.
- Fundur með endurskoðendum vegna vinnu við uppgjör ársins 2023 sem og vegna árlegrar stjórnsluskoðunar/úttektar var haldinn fyrir stuttu þannig að nú þegar er hafin vinna við undirbúning uppgjör ársins 2023. Stefnt er að því að fyrri umræða um ársreikning Dalabyggðar fyrir árið 2023 fari fram í mars.
- „Umbótaáætlun 2“ vegna þátta í starfsemi Silfurtúns sem þurfti að bæta og efla var skilað til Embætti landlæknis þann 5. desember sl. og móttaka hennar hefur verið staðfest. Ávinningur hefur orðið á síðustu mánuðum og er ég viss um að sú þróun haldi áfram hjá góðum starfsmannahópi Silfurtúns undir nýjum hatti Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.



- Enn bíðum við eftir því að Samkaup kynni áform sín og útfærslu vegna aðgerða hvað vöruverð snertir hér í Búðardal. Við höfum þreifað á því hvort einhverjir möguleikar séu fyrir hendi hvað aðrar verslanakeðjur snertir en ekkert í hendi en einnig rétt að geta þess að KM þjónustan hefur tekið inn dagvörur í sína verslun í nokkru mæli og verður fróðlegt að fylgjast með framvindu þess verkefnis.
- Hér fyrr á fundinum samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar tillögu að uppfærðri húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið sem standa þarf skil á gagnvart HMS í janúar 2024. Unnið er með þrjár spátölur varðandi þróun á íbúafjölda. Það er ánægjulegt að þessi vinna sé í höfn því þessi áætlun er okkur mikilvæg í því þarfa samtali sem við eigum í við HMS og þau leigufélög sem HMS tengjast, þ.e.a.s. Leigufélagið Brák og Leigufélagið Bríet, varðandi áframhaldandi uppbyggingu hér í Dalabyggð á vegum félaganna.





- Viðræður hafa átt sér stað undanfarnar vikur á vegum Dalabyggðar, SSV og Vegagerðarinnar, sem sér um almenningssamgöngur á landinu og er með samning við Strætó bs. Eins og kynnt hefur verið þá höfum við hug á því að koma á akstri á milli Búðardals og Menntaskóla Borgarfjarðar, a.m.k. tvo daga í viku hið minnsta til að byrja með. Miðað við stöðu samtalsins þá eru allar líkur á því að þetta verkefni geti farið af stað á nýju ári og stefnt að því að akstur hefjist í fyrstu viku janúar 2024 – en auðvitað er þetta háð því að samningar náist og verður staðan kynnt um leið og mál skýrast frekar.

TAKA ÞARF TILLIT TIL SÉRSTÖÐU LANDS

Ísland

- *Litlð og strjálbýlt*
- *Hár framleiðslu- og flutningskostnaður*
- *Vaxtatímabil 4 mánuðir*
- *Um 20% landsins landbúnaðarland*
- *Þar af einungis 6% ræktanlegt land*

ESB

- *Mikil stærðarhagkvæmni*
- *Vaxtatímabil 6+ mánuðir*
- *Um 40% landsins landbúnaðarland*
- *Þar af 60% ræktanlegt land*

Noregu

- *Strjálb*
- *Nóg a*
- *3% la*

- Nú hefur starfshópur þriggja ráðuneyta sem skipaður var fyrir stuttu, til að skoða rekstrarforsendur landbúnaðar á landinu, skilað af sér tillögum er snert hátt í 10000 bændur á landinu. Það verður fróðlegt að sjá hverju þessar fyrstu aðgerðir skila en um er að ræða 1,6 milljarð í þessu skrefi. En betur má ef duga skal og er það yfirlýst af hálfu stjórnvalda að áfram þurfi að halda og taka tillit til stöðunnar í landbúnaði við undirbúning og gerð nýrra samninga. Við í Dalabyggð náðum fundi fulltrúa þessa starfshóps á fyrstu stigum vinnu þeirra og sendum við inn minnisblað þar sem við reifuðum þau atriði sem við komum inn á í samtali okkar við hópinn.

Því það á að vera...

Gott að eldast

Heildarendurskoðun
á þjónustu við eldra fólk

- Verkefnið „Gott að eldast“, á vegum Heilbrigðisráðuneytisins og Félagsmálaráðuneytisins er að komast á skrið í landshlutanum og má segja að fyrirkomulagið hafi verið formgert þann 27. nóvember sl. Eins og áður hefur komið fram eru það sex þróunarverkefni sem eru að fara af stað hringinn í kringum landið og er Vesturland einn þátttakaenda. Nú er búið er að skipa verkefnastjórn sem mun halda utan um verkefnið í landshlutanum og innleiðingu þess á Vesturlandi og jafnframt er unnið að tilnefningu tengiliða við verkefnið frá öllum sveitarfélögum, heilbrigðisstofnunum og öldrunarheimilum á Vesturlandi. Jóna Björg Guðmundsdóttir verkefnastjóri fjölskyldumála verður tengiliður okkar við verkefnið og undirritaður gegnir áfram formennsku í verkefnastjórninni.

- Í september var gerð könnun meðal íbúa í tengslum við verkefnið Dalabyggð í sókn. Meðal þess sem verið var að kanna var sýn íbúa á styrkleika og samfélagið í Dölunum. Dr. Bjarki Þór Grönfeldt frá Háskólanum á Bifröst kom til okkar þann 5. desember sl. og kynnti niðurstöður könnunarinnar í Nýsköpunarsetrinu. Niðurstöður úr könnunni, sem eru bæði mjög áhugaverðar sem og fróðlegar, munu nýtast í áframhaldandi vinnu í verkefninu Dalabyggð í sókn, þar sem unnið er að því að styrkja ímynd Dalanna út á við, m.a. til að trekkja að nýja íbúa og eins inn á við til að efla sjálfsmynd okkar íbúanna því það er svo margt í okkar samfélagi sem við getum verið svo stolt og ánægð með. Ég vil lýsa ánægju með góða mætingu og umræður á kynningunni sem og að þakka Bjarka nafna mínum fyrir komuna og góða kynningu.

+





- Dalabyggð auglýsti, líkt og í fyrra, eftir framleiðindum, veitinga/verslunar- og/eða þjónustuaðilum í sveitarfélaginu sem hafa áhuga á að taka á móti gjafabréfum sem er jólagjöf sveitarfélagsins til starfsmanna Dalabyggðar. Fyrirkomulaginu verður þannig háttað að starfsmenn fá gjafabréf ásamt upptalningu á aðilum í Dalabyggð sem skrá sig í verkefnið. Gjafabréfin virka sem greiðsla á eða upp í kaup á vöru og/eða þjónustu hjá viðkomandi fyrirtæki. Skráningafrestur var til og með 5. desember og vil ég koma á framfæri þökkum til þeirra aðila sem skráðu sig til leiks í þetta verkefni með okkur, stefnt er að afhendingu gjafabréfanna á næstu dögum þannig að starfsmenn okkar geti notað, ef vill, í aðdraganda jóla.



Menningin blómstrar í Dölum sem fyrr. Laugardaginn 2. desember voru tónleikar í Dalíu þar sem tvíeykið Hundur í óskilum sungu og skemmtu gestum með þeim hætti sem þeim einum er lagið. Á sunnudaginn var, þann 3. desember, var Sönghópurinn Hljómbrot og Kirkjukór Dalaprestakalls með tónleika í Dalabúð þar sem kórarnir fluttu saman fluttu jólalög og séra Snævar Jón Andrjesson sagði jólasögur. Það er gaman að nefna að kórstjóri Hljómbrots, hún Sigurbjörg I. Kristínardóttir, hafði samband við Braga Valdimar Skúlason fyrr á þessu ári til að kanna hvort hann væri til í að semja lag fyrir Sönghópin Hljómbrot, sem stofnaður var í Dölunum fyrr á árinu. Úr varð fallett lag sem kórinn frumflutti á tónleikunum þar sem sungið er um friðsæla dali, fjarlæga dali og dalina fögru. Núna í vikunni, n.t.t. í kvöld, 7. desember, er önnur bókakynningin á stuttum tíma í Dalíu hér í Búðardal þar sem Bára Baldursdóttir frá Bæ í Miðdölum kynnr nýútkomna bók sína, Kynlegt stríð. Síðar eru stórtónleikar í Dalabúð á laugardaginn kemur, þann 9. desember, þar sem Alexandra Rut Jónsdóttir er í forsvari fyrir öflugan hóp ættingja og vina og er heiti þeirra tónleika „Er líða fer að jólum“. Miðvikudaginn 13. Desember verða haldnir jólatónleikar í Árbliki þar sem Helga Möller fer fremst í flokki tónlistarfólks þannig að, gott fólk, við megum hafa okkur öll við að sinna menningarviðburðum hér í Dölunum þessa dagana og vikurnar. Einnig vil ég nefna spilakvöld, jólamarkað, dansnámskeið og fleira og fleira sem verið hefur á döfinni hér í Dölunum upp á síðkastið og örugglega er mér að yfirsjást einhver viðburður hér í þessari upptalningu minni og vil ég fyrir fram biðjast afsökunar á því hér með.

Sköpum saman og skemmtum okkur!

NINGARMÁLAVERKEFNAS DALABYGGÐAR

- Talandi um menningu þá hefur Menningarmálanefnd Dalabyggðar nú auglýst eftir umsóknum í menningarmálaverkefnasjóð. Til úthlutunar á árinu 2024 verða 1.000.000 kr.- Hlutverk sjóðsins sem fyrr er að styðja við menningarmál í Dalabyggð og er það gert með því að veita styrki eftir því sem menningarmálanefnd Dalabyggðar telur þjóna markmiðum sjóðsins. Umsækjendur í sjóðinn geta verið einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir með lögheimili í Dalabyggð og er umsóknarfrestur til og með 15. janúar 2024.



Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefni eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

Saman og samhent getum við meira og betur – göngum í takt – okkur, samfélaginu og Dalabyggð til heilla !

Íbúum Dalabyggðar sem og öllum þeim sem berja þennan pistil minn óska ég gleðilegra jólahátíðar og þakka góð samskipti á árinu sem er að líða – megi árið 2024 verða okkur öllum gott og gjöfult !

BBP – 7/12/2023